

Svör við spurningum varðandi stefnumótun í málefnum innflytjenda:

1. Er sviðið með sérstaka stefnu er varðar innflytjendur? Eru þeir nefndir sérstaklega í þeim stefnum sem varða sviðið? Ef ekki, af hverju ekki?

Sviðið er ekki með sérstaka stefnu varðandi innflytjendur en hefur lagt mikinn metnað í að fylgja eftir áherslustefnum borgarinnar sem varða kjarnaáherslur sviðsins þ.e. menningarstefnu Reykjavíkurborgar og stefnu í íþróttamálum Reykjavíkurborgar en í báðum stefnunum er lögð rík áhersla á inngildingu og aðgengi allra borgarbúa að menningu og íþróttum. Sviðið fylgir einnig mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd auk fjölmenningsfyrirlysingar Reykjavíkurborgar.

Sviðið fylgir einnig eftir aðgerðum sem það er ábyrgt fyrir m.a. í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum, aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi og forvarnaráætlun barna og ungmenna.

Rík áhersla hefur verið á að efla þátttöku innflytjenda og þá sér í lagi barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi með því að yfirfæra tilraunaverkefnið frístundir í Breiðholti í öll hverfi borgarinnar.

Þá situr fulltrúi MÍR í starfshóp um fjölmenningshæfni í íþrótta- og tómstundastarfi sem hefur unnið að mörgum verkefnum með það að leiðarljósi að auka inngildingu í íþróttum. Þar má nefna t.d. móttökuáætlun fyrir iðkendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra sem liður í því að undirbúa stjórnendur og starfsfólk íþróttafélagana í að taka vel á móti börnum með annað móðurmál en íslensku sem og forráðafólki þeirra.

2. Er tiltekið starfsfólk formlega ábyrgt fyrir að hafa umsjón og þekkingu á starfi sviðsins er varðar innflytjendur? Er það í fullu starfi við það, skilgreindu hlutastarfi eða bara með öðru? Ef ekki, af hverju ekki?

Sviðið er með starfandi mannauðs- og þjónusturáðgjafa sem er einnig mannréttinda-, jafnréttis- og forvarnarfulltrúi MÍR sem heldur utan um málaflokkinn. Það er ekki fullt starf heldur unnið samhliða mannauðs- og mannréttindamálum í víðara samhengi. Sviðið hefur ekki fengið sérstaka fjárveitingu til að tileinka heilu stöðugildi málflokksnum á miðlægri skrifstofu.

Þá nýtur sviðið góðs af því að á Borgarbókasafninu eru tvö stöðugildi verkefnastjóra fjölmennings auk þess er Listasafnið með starfsmann sem sinnir inngildingu í 50% starfi. Hjá Borgarsögusafni eru tvö 50% stöðugildi sem sinna fjölmenningu og inngildingu undir hatti samfélagsverkefna.

Auk þess nýtur sviðið góðs af því að hjá ÍBR (Íþróttabandalagi Íslands) sem annast milligöngu um ýmis mál og styrkveitingar til íþróttafélaga borgarinnar er starfandi mannréttinda- og fræðslustjóri sem hefur lagt ríka áherslu á inngildingu á sviði íþróttar og er einnig í samstarfi við mannréttinda- og jafnréttisfulltrúi MÍR.

3. Er gögnum safnað um starfsemi sviðsins og þau nýtt í að bæta starf og stefnu, s.s. um notendur, starfsmenn eða samstarfsaðila? Eru þessi gögn greind eftir uppruna? Ef ekki, af hverju ekki?

Já sviðið safnar mikið af gögnum um starfsemi og unnið er með þau gögn. Gögnum er safnað um tómstundaiðkun barna, gestakomur í söfn og sundlaugar. Flest þessara gagna eru greind eftir kyni, aldri og í sumum tilfellum búsetu ef á við. Þar sem gögn eru ekki greind er það vegna ómöguleika eða flækjustigs. Sem dæmi þegar gögn eru sótt frá þjóðskrá er ekki hægt að sjá uppruna eða þegar gestir koma á starfsstaði er ekki hægt að meta hvort þetta séu Íslendingar með annað tungumál eða erlendir gestir.

4. Hvaða tölfræði vantar sem gæti gagnast sviðinu til að efla starf og stefnu?

Hugsanlegar gangategundir sem gætu stutt við stefnumótun eru t.d. nákvæmari notendagögn og ánægjumælingar, hverjir nota þjónustuna okkar, hversu oft og skoða bakgrunnsbreytur. Áhrifagreining: Hver er samfélagslegur ávinningur af starfseminni og hvernig hefur hún árif á lífsgæði notenda. Við gætum líka nýtt samanburðburðargreiningar við aðra sambærilega starfsemi í öðrum sveitarfélögum.

5. Eru upplýsingar ætlaðar starfsfólki, samstarfsfólki og notendum sviðsins aðgengilegar þeim sem ekki tala íslensku (vefsíða, bæklingar, eyðublöð, umsóknir o.s.frv.)? Ef ekki, af hverju ekki?

Fræðsluefni fyrir starfsfólk sviðsins sem miðlað er á Torginu eru almennt aðgengileg með enskum texta og oft einnig með pólskum texta. Starfsumsóknir, eyðublöð og annað er fengið frá miðlægri stjórnsýslu. Sviðið býður reglulega upp á laugavarðanámskeið fyrir nýja laugaverði á ensku ásamt endurmenntun. Boðið er upp á íslenskukennslu og Mósæk fræðsu fyrir starfsfólk af erlendum uppruna þeim að kostnaðarlausu. Upplýsingar fyrir starfsfólk á ensku eru á Fróða (innri vef) undir hnappnum: Information in other languages.

Almennt er leitast við að gera allar merkingar, bæklinga og aðrar upplýsingar sem varða starfsstaði, s.s. sundlaugar og söfn aðgengilegar á fleiri tungumálum en íslensku, algengastar eru þýðingar á ensku og pólsku. Þá er reynt hafa efni myndrænt.

Sviðið setti á laggirnar undirsíðu á heimasíðu sinni sem heitir „New in Reykjavík“ sem miðlar á aðgengilegan máta upplýsingum um helstu þjónustustaði borgarinnar á sviði menningar-, íþróttar- og útivistar.

Heimasíða sviðsins er undir heimasíðu borgarinnar og er þar af leiðandi einungis á ensku. Af efni sem gefið er út á vef hefur verið snúið frá þeirri þróun að þýða annað en á ensku þar sem þýðingavélar eru orðnar það góðar að ekki er talið réttlætanlegt að þýða síbreytilegt efni yfir á önnur tungumál.

6. Eru einhverjar aðgerðir í síðustu stefnu sem sviðinu finnst mikilvægt að verði áfram í næstu stefnu og aðgerðaáætlun?

MÍR vill gjarnan vinna áfram eftir áætlunum sínum sem snúa að inngildingum. Góð vinna hefur verið unnin á því sviði en mikilvægt að halda henni áfram og ná meiri árangri. Þá vill sviðið jafnframt halda áfram að reyna að ná betur til aldraðra innflytjenda og flóttafólks með fjölbreyttum leiðum.

7. Hvaða áherslu vill sviðið hafa í þessum málaflokki á árunum 2026 til 2030?

Vísast til svars við spurningu 6.

Þá hefur sviðið áhuga á að þróa frekar og viðhalda undirsíðu borgarinnar, New in Reykjavík og nýta hana sem vettvang í að kynna þjónustu sviðsins fyrir nýjum borgarbúum á öllum aldri.

8. Hver er staðan á eftirfarandi aðgerðum í stefnunni sem gildi 2018 til 2022 og vörðuðu starf sviðsins?

Sjá svör í bláum lit.

III 17. Íþróttar- og tómstundasvið vinni í að ná til hópa sem til þessa hafa lítið nýtt sér þjónustu þess s.s. aldraðra innflytjenda og flóttafólks. Kanna skal möguleika á samstarfi við aðila utan borgarkerfisins t.d. við Rauða kross Íslands um verkefnið.

Flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd fá sund og menningarkort sér að kostnaðarlausu í gengum velferðarsvið.

Boðið er upp á sundleikfimi í 6 sundlaugum Reykjavíkur auk þess sem hverfafélögin eru með íþróttastarf fyrir 60+.

IV 2. Stutt verði við starfsemi frjálsra félagasamtaka innflytjenda og annarra með því að gera húsnæði borgarinnar aðgengilegra sem vettvang þátttöku og samskipta. Greint verði í samvinnu

við mögulega notendur hvernig borgin getur mætt þörfum félagasamtaka fyrir funda- og samkomustaði.

Borgarbókasafnið er með opið rými fyrir fólk á öllum aldri til að læra í ró og friði eða í hóp, búa til hlaðvarp, setja upp myndlistarsýningu, halda fund, námskeið eða ráðstefnu, hitta saumaklúbbinn eða leshringinn, sníða og sauma föt, taka upp tónlist, klippa myndbönd og fleira á átta söfnum um borgina. Stærri fundarrými eru til útleigu en ef um litla hópa er að ræða, einnig er hægt að koma og vera frítt í „almenningi“ með stutta fundi eftir aðstæðum hverri sinni.

Hitt húsið er miðstöð ungs fólks á aldrinum 16-25 ára þar sem þau geta nýtt aðstöðuna til að syngja, dansa, dreyma, skapa, læra, spila, funda og nánast hvað sem þeim dettur í hug. Þar eru nokkur frjáls félagasamtök s.s. Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) og Samband íslenskra framhaldsskólanema eru með skrifstofu í húsinu. Öll frjáls félagssamtök ungmenna fá fundarrými að endurgjaldslausu. Óhagnaðardrifin samtök ungs fólk hafa alltaf verið í sérstökum forgangi hjá Hinu húsinu.

Borgarsögusafn og Listasafn Reykjavíkur eru einnig með sali til útleigu fyrir almenning.

IV 3. Verkefnastjórar afmarkaðra viðburða (s.s. 17. júní, vetrarhátíðar, barnamenningarhátíðar og menningarnætur) leggi mat á hvort innflytjendur taki þátt sem sýningaraðilar og ef þeir gera það ekki, hvernig er hægt að hvetja til þátttöku þeirra. Sérstök áhersla verði á þátttöku innflytjenda og hún gerð sýnilegri.

Ábyrgð þessarar aðgerðar er hjá skrifstofu samskipta og viðburðar þar sem viðburðarteymi Reykjavíkurborgar fór þangað við sameiningu menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs og Höfuðborgarstofa varð að markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Kær kveðja,



Gerður Sveinsdóttir

Mannauðs- og þjónusturáðgjafi

Sími: +354 411-5015

Menningar- og íþróttasvið
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

Ítrekaðar óskir um svör við spurningu 7, um áhersluatriði næstu árin, og stöðu á aðgerð III 13. Svarað með því að senda drög að menntastefnu sem verið er að vinna á sviðinu.

Menntastefna SFS 2025 – 2027

Efla menningarnæmi og fjölmenningshæfni starfsfólks og hæfni til að vinna með öllum börnum með því að:

- f) Auka fræðslu og símenntun um menningarnæmi og fjölmenningu: Bjóða upp á fræðslu fyrir allt starfsfólk sem nær yfir menningarnæmi, menningarfærni og viðbrögð við hatursorðræðu og fordómum.
- f) Byggja upp öflugra fræðslu fyrir nýtt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi: Bjóða nýju starfsfólki í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi upp á sérhæfða fræðslu. Áherslur eru meðal annars:
 - Málörvun og máltaka
 - Fjölmennings og inngilding
 - Tengslamyndun við börn
 - Vinna með börnum með sértækar þarfir
 - Öryggi barna og starfsfólks.
- f) Efla starfstengda íslenskufærni fyrir fjölbreytt starfsfólk: Veita fjölbreytta og skilvirka þjálfun í íslensku með sérstakri áherslu á nýliða með uppeldis- og menntunarbakgrunn.
- f) Leggja áherslu á snemmtæka íhlutun: Efla samtal og samvinna við heilsugæslu til að fylgjast með þroska barna og efla málþroska. Búa til skýran feril fyrir aðgengi að nauðsynlegri aðstoð.
- f) Byggja upp samstarfsverkefni um máltöku og inngilding: Stofna verkefni, leitt af sérfræðingum, milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í skólahverfum þar sem hlutfall barna af erlendum uppruna er hærra en 30%.
- f) Styðja við áætlanir mennta- og barnamálaráðuneytisins: Fylgja eftir verkefnum eins og MEMM til að auka möguleika starfsfólks til að stuðla að farsælli inngilding og menntun allra barna.

Styðja og valdefla foreldra í hlutverki sínu með því að:

- a. Útbúa fræðsluefni um menningarnæmi fyrir foreldra: Fræða um menningarnæmi og virðingu fyrir fjölbreytileika í hópi foreldra og barna.
- b. Kynna íslenskt skólakerfi og leiðir til stuðnings í námi: Tryggja að foreldrar með fjölmenningslegan bakgrunn eigi greiða leið að íslensku skólasterfi, kynnist áherslum þess, væntingum til foreldra og leiðum til að styðja börn sín í námi.

Skapa vettvang og tækifæri fyrir aukna félagsfærni, tengslamyndun og eflandi samskipti með því að:

- a. Bjóða uppá nám í menningarnæmi: Tryggt verður að nám í menningarnæmi og fordómafræðsla fari fram í öllu skóla- og frístundastarfi.

